

Klippum ekki á framtíðina – leyfum þjóðinni að velja

Kjallari

Össur
Skarphéðinsson



Það væri glapræði, og í andstöðu við hagsmunum Íslands, að hætta nú við umsóknina um aðild að Evrópusambandinu, eða frysta hana, einsog margir stjórnmálamenn hafa talað fyrir í aðdraganda kosninga. Þjóðin á sjálf að fá að taka hina endanlegu ákvörðun, þegar samningur liggur fyrir. Þá getur hún á grundvelli staðreynda metið, hvort það er í hennar þágu að gerast þar fullgildur þátttakandi. Alþingi samþykkti þennan rétt þjóðinni til handa. Þeir sem kjósa vaxandi einangrun í viðjum gjaldeyrishaftra þar sem valdaklíkur og sérhagsmunahópar geta að gamalkunnum hætti skarad eld að eigin köku eiga ekki að fá að velja þjóðinni framtíð. Hún á að gera það sjálf – en ekki flokksklíkurnar.

Réttur þjóðarinnar til að velja

Aðild er eðlilega umdeild. Hún felur í sér stóra, og mikilvæga ákvörðun, fyrir íslensku þjóðina. Mennt hafa ekki á tæru hvaða ávinningur felst í aðild. Það verður ekki ljóst að fullu fyrir en búið er að ljúka aðildarsamningi, sem þjóðin getur skoðað frá öllum hliðum út frá mismunandi hagsmunum sínum – og að lokum greitt um hann atkvæði.

Andstæðingar samningsins halda því fram, að með aðild muni Íslendingar tapa auðlindum sínum, bæði orku á

Peir óttast að samningurinn muni verða miklu betri en þeir hafa haldið fram, og afhjúpa þessar blekkingar.

landi, olíu undir hafsbotni og fiski miðum í hafi. Allt er þetta rangt og í andstöðu við leikreglur Evrópusambandsins. Það er staðfest ekki aðeins af íslenskum og erlendum embættismönnum heldur líka erlendum stjórnmálamönnum sem gjörþekjja innviði og reglur Evrópusambandsins. Má þar til nefna jafn ólíka stjórnmálamenn og Michel Rocard, fyrrverandi forsætisráðherra Frakklands, Íslandsvininn Evu Joly, þingmann Græningja á Evrópuþinginu, og Göran Persson, sem var forsætisráðherra Svía.

Þegar samningur liggur fyrir, þá munu þessar staðreyndir birtast öllum almenningi. Við það eru andstæðingar aðildar hræddir. Þeir óttast að samningurinn muni verða miklu betri en þeir hafa haldið fram, og afhjúpa þessar blekkingar. Þess vegna vilja þeir stöðva viðræður áður en samningurinn verður til.

Evrusvæðið réttir úr kútnum

Þeir, sem vilja hætta, eða fresta viðræðum út í óvissan tíma, hafa einkum nefnt þá ástæðu, að miklir erfiðleikar séu á evrusvæðinu. Þess vegna sé nauðsynlegt að fresta viðræðum. Einstakir for-



ystumenn í íslenskum stjórnmálum hafa raunar keppt við að lýsa því yfir síðustu misseri að evran væri að hrynja, ef ekki í þessari viku þá örugglega í þeirri næstu!

Evran hefur þó ekki látið bifast. Hún hefur synt sterk gegn straumnum, og skýrsla Seðlabankans um gjaldmiðilmál tekur sérstaklega fram að í byrjun ágúst var hún 6,5% sterkari en Bandaríkjadalur. Vextir á evrusvæðinu hafa meðan á erfiðleikunum stóð verið miklu hagstæðari en á Íslandi, og verðbólga með allt öðrum, og skaplegri hætti. Á evrusvæðinu er heldur engin verðtrygging. Í dag blasir svo við að að evrusvæðið er að rétta úr kútnum – og aðgerðir Evrópusambandsins og Seðlabanka Evrópu eru farnar að virka.

Það birtist m.a. í því að matsfyrirtæki hafa hækkað lánsrhæfismat Grikklands um sex flokka, og lýst yfir að fjárfestum sé óhætt að festa þar fjármagn. Það eru kaflaskil í ljósi fregna síðustu ára af Grikklandsfárinu. Síðast á helginni lýsti Christine Lagarde, forstjóri AGS, því yfir að Portúgal væri komið á beinu brautina. Ítalía er að brjótast út úr sínum

vanda og Írland er á góðri leið. Spánn er enn á umbrotaskeiði. Meira að segja Morgunblaðið birti á föstudaginn frétt, þar sem Barroso, æðstur á palli Evrópusambandsins, lýsti því yfir að nú sæi fyrir endann á erfiðleikum evrusvæðisins. Þessi sterkasta röksemd fyrir frestun eða sliti viðræðnanna er því fallin í dag. Hafi erfiðleikar á evrusvæðinu einhvern tíma verið rök gegn umsókn eru þau rök haldlaus í dag.

Sérstaðan hittir í mark

Við höfum í viðræðum síðustu missera náð mjög góðum skilningi á sérstöðu Íslands, bæði varðandi landbúnað, fiskveiðar og ekki síst byggðamál – þar sem aðild mun skipta sköpum fyrir byggðir í vanda. Sérstaða okkar hefur hitt í mark.

Þess vegna er það í andstöðu við hagsmunum Íslendinga að hætta viðræðum. Það þarf að ljúka aðildarsamningum, svo menn viti nákvæmlega hvað er í boði, og þjóðin geti tekið upplýsta ákvörðun um hvað er hagsmunum hennar fyrir bestu. Stjórnmálamenn og flokksklíkur eiga ekki að komast upp með að taka þann rétt af þjóðinni.